

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1980

1. febrúar 1980.

3

Nr. 2.

L Ö G

um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum skal vera 5.5% af f.o.b.-verðmæti útflutnings.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds skv. 2. og 3. gr. og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til Aflatryggingasjóðs	
a) Almenn deild	15.0%
b) Verðjöfnunardeild	20.0%
c) Áhafnadeild	21.0%
2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja	
a) Til greiðslu á hluta af váttryggingarkostnaði fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	20.0%
b) Til aldurslagatrygginga til úthlutunar samkv. reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur	3.0%
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs	
a) Til Fiskveiðasjóðs	18.0%
b) Til Fiskimálasjóðs	0.8%
4. Til sjávarrannsóknna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	1.0%
5. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.6%
6. Til samtaka sjómanna	0.6%

Samtals 100%

Stjórn Aflatryggingasjóðs er þó heimilt, ef þörf krefur, að færa fé milli verðjöfnunardeildar og almennu deildar Aflatryggingasjóðs, er nemi allt að fjórðungi

hlutar verðjöfnunardeildar í útflutningsgjaldinu samkvæmt lögum þessum, þannig að hlutur verðjöfnunardeildar nemi hæst 25% af útflutningsgjaldinu, en lægst 15%. Sjávarútvegssráðherra staðfestir ákvarðanir sjóðsstjórnarinnar í þessu efni.

Hlutur samtaka sjómanna skv. 6. tl. þessarar greinar skiptist sem hér segir:

a) Sjómannasamband Íslands	42%
b) Farmanna- og fiskimannasamband Íslands	40%
c) Alþýðusamband Austurlands	9%
d) Alþýðusamband Vestfjarða	9%

3. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi tvær nýjar greinar svo hljóðandi:

5. gr. — Í þeim reglum um greiðslu hluta af váttryggingariðgjöldum fiskiskipa, er um getur í a-lið í 2. tl. 4. gr., má m. a. setja það sem skilyrði fyrir greiðslu iðgjalds, að hlutaðeigandi tryggingarfélag sé aðili að endurtryggingarsamtökum félaganna og hlíti tilteknum reglum um ákvörðun iðgjaldatryggingarskilmála og váttryggingarfjárhæða. Heimilt er að undanþiggja hvalveiðiskip þessum skilyrðum og jafnframt að endurgreiða til þeirra hlut Tryggingasjóðs fiskiskipa í útflutningsgjaldinu, sbr. a-lið í 2. tl. 4. gr., í stað greiðslu iðgjaldsstyrkja. Þá skal og endurgreiða hvalveiðiskipum hlut Aflatryggingasjóðs skv. 1. tl. 4. gr., enda njóti þau ekki bóta úr sjóðnum.

6. gr. — Tekjuafgangi, er verða kann eftir greiðslu iðgjaldsstyrkja skv. 5. gr., er heimilt að úthluta til aldurslagatrygginga, sbr. b-lið 2. tl. 4. gr.

4. gr.

Greinaröð laganna breytist í samræmi við ákvæði 3. greinar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða, sem framleiddar eru á árunum 1980 og 1981.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 5/1976 og þessara laga um skiptingu tekna af útflutningsgjaldi skal heimilt að verja 100 m.kr. úr hinni almennu deild Aflatryggingasjóðs og 100 m.kr. úr Tryggingasjóði fiskiskipa til þess að ljúka greiðslum verðuppbóta á ufsa og karfa skv. lögum nr. 69/1979 og lögum nr. 88/1979 og verðtilkynningum Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 11 og 23 1979.

Gjört í Reykjavík 1. febrúar 1980.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Kjartan Jóhannsson.